



SAMNINGUR UM RAFRÆNA
ÚTGÁFU HLUTABRÉFA
HJÁ NASDAQ CSD SE, ÚTIBÚ Á ÍSLANDI.

Aðilar

NASDAQ CSD SE, útibú á Íslandi	Nafn útgefanda: <input type="text"/>
Kennitala: 510119-0370	Kennitala: <input type="text"/>
Í samningi þessum einnig nefnd NCSDI	Hér eftir nefnt félagið

Gera með sér svofelldan

ÚTGÁFUSAMNING

Almennt

1. gr.

Við undirritun samnings þessa öðlast félagið rétt til að fá hluti sína gefna út í kerfi NCSDI að uppfylltum skilyrðum laga, reglugerða og reglna sem gilda um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Auðkenni, ISIN nr., fjöldi hluta og aðrar upplýsingar um útgáfuna er greint frá í útgáfulýsingu.

2. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að fara að samningi þessum, lögum og reglugerðum um rafræna eignarskráningu og reglum NASDAQ CSD SE, útibús á Íslandi. sem gilda hverju sinni.

Skyldur Nasdaq CSD SE, útibús á Íslandi

3. gr.

NCSDI ábyrgist að skráningar á réttindum yfir hlutum í félaginu og aðrar breytingar séu í samræmi við þær skráningarfærslur sem reikningsstofnanir framkvæma í kerfi NCSDI.

4. gr.

NCSDI er óheimilt að veita öðrum en félaginu upplýsingar um hluthafa, enda standi lög eða dómsúrskurður ekki til annars.

5. gr.

Félagið getur óskað eftir beinni tengingu við kerfi NCSDI vegna hlutaskrár að uppfylltum þeim reglum sem gilda um aðgang að kerfi NCSDI.

Skyldur félags

6. gr.

Félagið ábyrgist að allar ákvarðanir um útgáfu hluta í félaginu og aðrar aðgerðir þeim tengdar séu teknar samkvæmt gildandi lögum og samþykktum félagsins.

Félagið ábyrgist að innköllun fari fram á áþreifanlegum hlutum í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

Félagið ábyrgist að allar upplýsingar sem veittar eru NCSDI í útgáfulýsingu eða með öðrum hætti séu réttar.

Félagið skal senda NCSDI undirritaða útgáfulýsingu a.m.k. fimm virkum dögum fyrir útgáfu hlutabréfanna.

Þá skuldbindur félagið sig til að senda NCSDI til viðbótar útgáfulýsingu, aðrar upplýsingar og/eða fylgigögn um útgáfuna eða útgefanda sem NCSDI telur nauðsynlegar.

Vanefndir félags

7. gr.

Standi félagið ekki við samning þennan að einhverju eða öllu leyti eða uppfylli félagið ekki lengur þau lög eða reglugerðir sem um það gilda, skal tilkynna það tafarlaust til NCSDI og greina frá ástæðum þess.

Ábyrgð á tjóni

8. gr.

Hafi félagið fengið aðgang að kerfi NCSDI samkvæmt 5. gr. samnings þessa ber það ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess.

Félagið er ábyrgt fyrir hvers kyns tjóni sem rekja má til þess að ákvæði 6. gr. samningsins hafi ekki verið uppfyllt.

Um ábyrgð félagsins að öðru leyti fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

Breytingar á reglum NCSDI

9. gr.

NCSDI er heimilt að gera breytingar á reglum NCSDI sem verða bindandi fyrir félagið frá gildistöku þeirra.

Ákveði NCSDI að gera breytingar skv. 1. mgr. sem varða félagið sendir NCSDI því tilkynningu þar um til umsagnar. Félagið getur skilað skriflegum athugasemdum til NCSDI eigi síðar en sjö virkum dögum frá því að tilkynning um breytingartillögu barst því. Berist NCSDI ekki athugasemdir frá félaginu innan frestsins lítur NCSDI svo á að félagið samþykki breytingarnar. NCSDI tekur afstöðu til athugasemda innan fjögurra vikna frá því að frestur til að skila athugasemdum rennur út.

NCSDI er þó heimilt að víkja frá framangreindum fresti og gera breytingar samkvæmt 1. mgr. án þess að leita umsagnar félagsins telji hún það nauðsynlegt, enda hafi þær breytingar ekki áhrif á efnisatriði samnings þessa.

Trúnaðarupplýsingar

10. gr.

Upplýsingar sem samningsaðilar veita sín á milli, skulu fara með sem trúnaðarmál, nema annað leiði af lögum, reglum, dómsúrskurði eða eðli máls.

Uppsagnarákvæði

11. gr.

Samningsaðilum er heimilt að segja upp samningi þessum með 6 mánaða fyrirvara. Heimilt er að láta uppsögn taka gildi fyrr ef samningsaðilar eru um það sammála.

Gjöld

12. gr.

Útgefandi hefur kynnt sér gjaldskrá NCSDI og greiðir gjöld samkvæmt henni hverju sinni. NCSDI er heimilt að breyta gjaldskrá með 3 mánaða fyrirvara.

Í sérstökum tilvikum getur NCSDI krafist gjalda af útgefanda vegna vinnu að hans beiðni sem ekki fellur undir almenna gjaldskrá. Í slíkum tilvikum eru gjöld samkvæmt tímagjaldi.

Ágreiningur

13. gr.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 7/2020 þar sem við á. Að öðrum kosti er unnt að skjóta ágreiningi til Héraðsdóms Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91 frá 1991, um meðferð einkamála.

Samningur þessi er gerður í tveimur jafngildum eintökum.

Staður:

Dagsetning:

F.h. Nasdaq CSD SE, útibús á Íslandi:

F.h. útgefanda:

Undirskrift:

Undirskrift prókúruhafa:

Nafn í prentstöfum:

Nafn í prentstöfum: